

Skipulagsstofnun
Jón Þórir Þorvaldsson
Borgartún 7b
105 Reykjavík

Reykjavík 14. maí 2019
UST201904-308/B.S.
10.05.03

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Krýsuvíkurvegur um Vatnsskarð. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 23. apríl sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.

Um er að ræða 1,5 km langan kafla um Vatnsskarð og ný vegamót Vigdísarvallavegar og Krýsuvíkurvegar. Á þeim stað er nýlagning um 200 m að lengd.

Framkvæmdin er inna Reykjanesfólkvangs og þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar þar sem framkvæmdin mun hafa jarðrask í för með sér eins og fram kemur í greinargerð.


Framkvæmdin er á bólstrabergshrygg og er Vatnsskarðsnáma sem er ein stærsta náman á Höfuðborgarsvæðinu þétt við Krýsuvíkurveg. Auk Vatnsskarðsnámu eru nokkrar aðrar mun smærri námur í nágrenni Krýsuvíkurvegar. Uppbygging Krýsuvíkurvegar mun hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér þar sem framkvæmdin fylgir núverandi vegi og hefur nánasta umhverfi vegarins þegar verið raskað. Ný veltenging við Vigdísarvallaveg mun að vísu liggja um hraun en þarna hefur umgegngi um hrauni verið með þeim hætti að nýlagning á 200 m kafla mun ekki hafa veruleg áhrif á svæðið.

Efni í Krýsuvíkurveg mun að hluta koma úr skeringum en nærsvæði vegarins hefur þegar verið raskað. Annað efni mun koma úr námu með framkvæmdaleyfi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Til að draga frekar úr sjónrænum áhrifum telur Umhverfisstofnun að ganga eigi frá skeringum með svipuðu formi og halla eins og í óröskuðu land. Afmá ætti núverandi veltengingu Vigdísarvallavegar og rífa veginn upp. Einnig ætti að ganga frá gömlum námum ofan og sunnan við vesturmörk útboðs.

Virðingarfyllt


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Axel Benediktsson
Sérfræðingur